

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum

1. gr. – Tilgangur

Reglum þessum er ætlað að tryggja að íbúar Fjarðabyggðar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækjum þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í bæjarráði, bæjarstjórn og fastanefndum á vegum sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

2. gr. – Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir bæjarstjórn, bæjarráð og fastanefndir Fjarðabyggðar á vef sveitarfélagsins.

3. gr. - Meginreglan um birtingu gagna

Birta skal öll gögn með opinberum hætti á vef Fjarðabyggðar sem lögð eru fyrir ráð og nefndir sveitarfélagsins, nema undantekningareglur 4. og 5. gr. reglna þessa eða lög, hindri slíka birtingu.

4. gr. - Gögn sem óheimilt er að birta

- Gögn sem innihalda persónugreinanlegar upplýsingar, nema það teljist til brýnna almannahagsmunu að birting gagnanna eigi sér stað.
- Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnit er og eðlilegt að leynt fari.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt máli skuli höfðað.
- Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- Samninga við aðra en opinbera aðila nema fyrir liggi samþykki samningsaðila en meginefni samninga skal þó koma fram í texta fundargerðar.
- Gögn sem varða einstaka starfsmenn sveitarfélagsins.
- Gögn sem teljast trúnaðarmál og varða einkamálefni eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila.
- Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.
- Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

5. gr. - Gögn sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slikri birtingu:

- Gögn er varðar tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

6.gr. – Ábyrgð á birtingu gagna á heimasíðu

Starfsmaður nefndar í samráði við formann nefndar.

7. gr. – Upplýsingaréttur almennings

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fjarðabyggð 7. september 2018



Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018